



Reykjavík, 28. febrúar 2020
Fundargerð 188. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 28. janúar var haldinn 188. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.45. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur Sverrisson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson. Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur SHS 2019, fyrri umræða

Fyrri umræða um samstæðuársreikning SHS fyrir árið 2019.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2019, drög, ódags.
- Minnisblað – Ársuppgjör 2019, dags. 26. febrúar 2019.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Samkomulag um innri endurskoðun 2020-2021

Lagt til að samkomulag við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar um innri endurskoðun SHS verði endurnýjað fyrir árin 2020-2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar - Endurnýjun samkomulags um innri endurskoðun SHS, dags. 25. febrúar 2020.
- Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2020-2021, drög, ódags.
- Upplýsingastefna Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (STE-06), útg. 2.0, dags. 9. desember 2019.

Afgreiðsla: Frestað fram að næsta fundi. Sú breyting verði gerð frá drögum að breytingar frá endurskoðunarátætlun séu háðar samþykki stjórnar.

3. Eftirlitsáætlun eldvarna 2020

Áætlun slökkviliðsstjóra vegna eldvarnaeftirlits SHS á árinu 2020 kynnt fyrir stjórn.

Eftirfarandi lagt fram:

- Eftirlitsáætlun SHS fyrir árið 2020, dags. 21. febrúar 2020.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Boðuð verkföll LSS 2020

Félagsmenn LSS hafa samþykkt boðun verkfalls.

Eftirfarandi lagt fram:

- Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 23. febrúar 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra

Fjallað um tillögur um aðferðir við árangursmat.

Afgreiðsla: Formaður og slökkviliðsstjóri munu útfæra áfram, lagðar verða spurningar fyrir stjórnarmenn.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10.00.

Næsti fundur verður föstudaginn 20. mars 2020.

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur SHS 2019, drög, ódags.
- Minnisblað – Ársuppgjör 2019, dags. 26. febrúar 2019.
- Bréf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar - Endurnýjun samkomulags um innri endurskoðun SHS, dags. 25. febrúar 2020.
- Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2020-2021, drög, ódags.
- Upplýsingastefna Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (STE-06), útg. 2.0, dags. 9. desember 2019.
- Eftirlitsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2020, dags. 21. febrúar 2020.
- Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 23. febrúar 2020.

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Rósa Guðbjartsdóttir

Haraldur Sverrisson

Armann Kr. Ólafsson